



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
31.08.2017**

**221. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 31. ágúst 2017 kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarrsson, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.  
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

- 1.Framhaldsskólinn á Laugum – styrkbeiðni
- 2.Lokaskýrsla verkefnastjóra Seiglu
- 3.Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.08.2017
- 4.Málstefna sveitarfélagsins
- 5.Staða sauðfjárbænda

**Til kynningar:**

- a.Fundargerð 297. fundar stjórnar Eyþings
- b.Landsfundur um jafnréttismál 2017

**1.Framhaldsskólinn á Laugum – styrkbeiðni**

Fyrir fundinum liggur erindi frá Halli B. Reynissyni f.h. Framhaldsskólans á Laugum, dags. 25. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir styrk vegna þátttöku skólans í alþjóðlegu verkefni næsta vetur. Verkefnið „Water is Life“ snýst um vatn og hreina orku þar sem hluti nemenda við skólann munu fara erlendis og taka þátt í dagskrá þar sem og að taka móti erlendum nemendum sem heimsækja skólann og taka þátt í dagskrá hér heima.

*Sveitarstjórn samþykkir styrk til verkefnisins að fjárhæð kr. 250 þús. og vísar til gerðrar fjárhagsáætlunar 2018.*

**2.Lokaskýrsla verkefnastjóra Seiglu**

Lögð fram lokaskýrsla verkefnastjóra Seiglu – miðstöð sköpunar en verkefnastjóri lauk starfi sínu þann 31. maí s.l.

*Sveitarstjórn staðfestir skýrsluna og þakkar verkefnastjóra fyrir vel unnin störf.*

**3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.08.2017**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24. ágúst sl. Nanna gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sjö liðum.

2. liður fundargerðar; Rangá, nýtt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 -2022 og tillögu á deiliskipulagi með þeim breytingum sem fram koma í fundargerð nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku tillagnanna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

Sigurður Hlynur mætti til fundar undir 3. lið.  
Árni Pétur yfírgaf fundinn að loknum 3. lið.

**4. Málstefna sveitarfélagsins**

Ragnar Bjarnason vakti athygli á að sveitarfélaginu ber að setja sér málstefnu og lagði til að það yrði sett í ferli.

*Sveitarstjórn samþykkti að fela Ragnari að vinna drög að málstefnu fyrir sveitarfélagið.*

**5. Staða sauðfjárbænda**

Tekin til umræðu staða sauðfjárbænda í ljósi lækkunar afurðaverðs til þeirra. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun:

*„Ljóst er að lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda muni koma illa niður á sauðfjárbændum í sveitarfélaginu. Í Þingeyjarsveit eru um 100 bú sem byggja afkomu sína m.a. á sauðfjárbúskap og fjöldi sauðfjár í sveitarfélaginu eru um 18.000. Slik skerðing á tekjum mun fyrst og fremst leiða til lækkunar launa sauðfjára-bænda. Sveit-ar-stjórn Þingeyjarsveitar tel-ur að tæki-færi fel-ist í auk-inni sam-vinnu land-búnaðar og ferðaþjón-ustu sem hægt sé að nýta mun bet-ur en gert er í dag. Leggja þarf meiri áherslu á markaðssetn-ingu og vörubrúun inn-an-lands fyr-ir þann mikla fjölda ferðamanna sem sæk-ir Island heim. Sveit-ar-stjórn skor-ar á for-ystu-menn sauðfjára-bænda, slát-ur-lexf-is-hafa, ráðherra og ráðamenn þjóðar-inn-ar að finna fram tíðarlausn á þess-um al-var-lega vanda sem steðjar að grein-inni.“*

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:42*



## Frá sundlaug Stórutjarnaskóla

Í vetur verður Sundlaug Stórutjarnaskóla opin sem hér segir:

**Mánudagskvöld kl 19:30 – 21:30**

**Fimmtudagskvöld kl 19:30 – 21:30**

**Fyrsta opnun vetrarins mánudagskvöldið 4. september**

**Aðgangseyrir í sundlaugina er kr 500-  
10 miða kort kr 3000-  
frítt fyrir börn á grunnskólaaldri og yngri,  
einnig er frítt fyrir 60 ára og eldri.**

*Stórutjarnaskóli  
heilsueflandi skóli*

## Til sölu

Hreinræktaðir íslenskir hvolpar  
Óska eftir framtíðareigendum.

Eru bólusettir og með ættbók.

Upplýsingar í síma 899 1799



*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og vinsæld  
við andlát og jarðarför*

*Friðbjörns Jónatanssonar.*

*Kvenfélag Ljósvefninga fær sérstakar þakkir fyrir  
frábærar kaffiveitinga.*

*Aðstandendur*

12. tbl.  
22. mars  
2017  
24. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Gegn sjálfsvígum

Að tíðni Alþjóðdags sjálfsvígforvarna sem er 10. september n.k. munu forvarna-samókin **PÚ skiptir máli** í Nordurþingi, standa fyrir fræðslu-, kyrdar- og tónlistar-dagskrá í Húsvíkarkirkju. Dagskráin hefst klukkan 20:00. Frítt inn.

Tónlistardagskrá:

- Tónasmiðjan
- Friðrik Marínó og Ruth
- Siggí Illuga
- Elvar Braga og Bylgja
- Esther Guðný
- Guðni Braga
- Frimans og Hafíði
- Knútur og Toggi



Sýnum samhug og kærleik í verki og munum að við skiptum öll máli.



Önnur dagskrá:

- Hugvefja
- Reykslusaða frá vini í bota

Að lokinni dagskrá munum við mynda kærleikshug til að minnast þeirra sem tunda hafa fyrir eigin hendur.



FORVARNA- OG FRÆÐSLUSTAF

„Erfíðleikar lífsins geta dregið fram það besta í okkur líkt og sætur ilmur stígur upp af kraminni rós. Ef við vinnum úr erfíðleikumunum, geta þeir kallað fram góða eiginleika hjá okkur : kærleika, hlýju, umhyggju, auðmykt og nálægð við þá, sem við elskum og eigum sameið með.“